

Dánargjöf

Dánargjöf Þórarins Jónssonar á Halldórsstöðum er til orðin fyrir ófullgerða erfðaskrá eða síðustu skriflega viljayfirlýsingu gefandans, Þórarins bónda á Halldórsstöðum í Laxárdal, er lézt 20. febrúar 1922. Erfðahluti háskólans var afhentur honum 1929 og var í lok þess árs að upphæð kr. 10.364,12.

Í gjafabréfinu segir, að úr sjóðnum megi ekki veita fyrr en hann er orðinn 1/2 milljón, en þá skuli veita styrki úr honum í því skyni að efla heilbrigða gagnrýni í landinu, þar á meðal gagnrýni á kristni og kirkju. Skipulagsskrá hefir ekki verið samin, enda nógur tími með það. Eign sjóðsins er nú kr. 31.026,87.